

L Ö G

89

15. des.

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skólanefnd hvers skóla ákveður, að fengnu álit skólastjóra og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, hvort skólinn starfar í 1 eða 2 ársdeildum og hve langur skólatíminn sé árlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

90

15. des.

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er að tryggja í deildinni gegn hvers konar vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta, sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum, sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lækkandi, er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum og slysum:

- a) Einstaka gripi: Hróta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, naut, sem hlotið hafa fyrstu eða önnur verðlaun, og kynbótahesta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sveitasýningum eða héraðssýningum, enda nái ekki skyldutryggingarákvæði 3. gr. til þessara gripa.
- b) Ær í kynbótabúum og sauðfjarræktarfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé.
- c) Heil kúabú, en þó eigi gegn kálfleysi.
- d) Heil sauðfjárþú gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári. Þar undir telst lambalát fram að sauðburðarbyrjun, en eigi önnur lambavanhöld.